

## 61. stjórnarfundur haldinn í Reykjavík 24. október 2012.

Mætt voru: Kristveig Sigurðardóttir, formaður, Rósa Björk Halldórsdóttir, Björn Ármann Ólafsson, Böðvar Pétursson, Elín Heiða Valsdóttir, Hjalti Þór Vignisson, Sigrún Helgadóttir og Snorri Ingimarsson.

Einnig: Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri.

Fundur hófst kl. 10:30.

### 1. Samþykkt dagskrár

Dagskrá samþykkt með áorðnum breytingum.

### 2. Stjórnunar- og verndaráætlun

Árni Geirsson og Halldóra Hreggviðsdóttir hjá ALTA komu á fundinn kl. 10:45 og gerðu grein fyrir skjali með hugmyndum um breytingar á Stjórnunar- og verndaráætlun, dags. 24. okt 2012. Gerð grein fyrir verkáætlun sem miðar að því að auglýsa breytingar 1. febrúar 2013. Í skjalinu koma fram tillögur um breytingar á hverju svæði fyrir sig. Á næsta fundi stjórnar munu liggja fyrir fyrstu drög að breytingum á Stjórnunar- og verndaráætlun. Stjórn gerði breytingar á einstökum atriðum, orðalagi og útfærslu. Nokkrum álitamálum eins og flokkun í verndarflokka og vegamál innan þjóðgarðs frestað til næsta fundar.

Björn Ármann gerði grein fyrir niðurstöðum Náttúrustofu Austurlands um að gæs á Vesturöræfum hafi orðið fleyg fyrir 20. ágúst vegna hagstæðra skilyrða fyrir varp. Í ljósi nýrra upplýsinga lagði svæðisráð Austursvæðis fram eftirfarandi tillögu:

*Gæsaveiðar á Austursvæði Vatnajökulspjóðgarðs eru heimilar frá 20. ágúst. Þjóðgarðsverði, að höfðu samráði við svæðisráð, er þó heimilt að gefa út tilkynningu um seinkun veiða, gefi mat viðurkenndra aðila á varpframvindu heiðargæsar á svæðinu að vori ástæðu til frestunar. Slík tilkynning skal gefin út eigi síðar en 15. júlí ár hvert.*

Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs samþykkir framkomna tillögu með þeim breytingum að í stað þess að tilgreind sé dagsetning verði vísað í dagsetningar í almennum lögum um veiðar á villtum fuglum og dýrum.

Þá gerði Björn Ármann grein fyrir umræðu innan svæðisráðs Austursvæðis um hreindýraveiðar í kjölfar niðurstöðu starfshóps sem skipaður var um málið:

*Við hreindýraveiðar er þó heimilt að fella dýr allt að 1.000 metrum fyrir innan þjóðgarðsmörk fyrir 15. ágúst en einungis þegar verið er að elta hjörð. Komi til slíks skal leiðsögumaður á hreindýraveiðum tilkynna það svo fljótt sem auðið er til landvarða í Snæfelli eða þjóðgarðsvarðar.*

Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs samþykkir framkomna tillögu. Áréttað var mikilvægi þess að stjórn tæki jaðarsvæði þjóðgarðsins til umræðu hvað varðaði ýmis mál.

### 3. Fundur með stjórn SAMÚT

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs hélt fund með stjórn SAMÚT kl. 12:30-13:30. Kristveig fór yfir núverandi samstarf við útivistarfélag og möguleika á frekara samstarfi. Sveinbjörn Halldórsson, formaður SAMÚT, fór yfir álitamál er varðar samskipti SAMÚT og Vatnajökulsþjóðgarðs. Umræður sköpuðust um samskiptin í víðu samhengi.

### 4. Atvinnustefna

Halldóra vék af fundi kl. 14:50. Björg Ágústsdóttir frá Alta mætti á fundinn kl. 14:50. Björg og Árni fóru yfir kynningu að verklagi við mótun atvinnustefnu Vatnajökulsþjóðgarðs, dags. 24. okt. s.l.. Þau gerðu grein fyrir ákvæðum í lögum, reglugerð og stjórnunar- og verndaráætlun um málefnið. Lögðu áherslu á að í lögskýringargögnum væri sterk áhersla á að þjóðgarðurinn hafi mikið hlutverk í atvinnulegu tilliti. Þá gerðu þau grein fyrir nálgun í slíkum málum hjá erlendum þjóðgörðum. Sögðu síðan að í fyrstu skrefunum við mótun atvinnustefnu þyrfti að taka ákvörðun um þrjú grunnatriði, í fyrsta lagi hversu stórt áhrifasvæðið væri skilgreint, í öðru lagi hverjir væru hagsmunaaðilar við gerð og rekstur atvinnustefnu þjóðgarðsins og í þriðja lagi hversu mikið frumkvæði þjóðgarðurinn skuli hafa um atvinnuþróun á áhrifasvæði.

Í kjölfarið lýstu fundarmenn afstöðu sinni til þessara atriða. Niðurstaða fundarins verður lögð fyrir á næsta stjórnarfund.

Björg og Árni véku af fundi kl. 16:10.

### 5. Fjármál 2013

Kristveig gerði grein fyrir fundi með ráðherra um fjárlög 2013. Sagði fundinn hafa verið jákvæðan. Símafundur með ráðherra er fyrirhugaður í byrjun nóvember.

### 6. Svæðisráð-fundargerðir

Austursvæði: Björn Ármann vakti máls á umfjöllun á síðasta fundi svæðisráðs Austursvæðis 18. okt. s.l. um ástand gróðurs í Kringilsárrana og Vesturöræfum og þeirri vinnu sem hafin er um gerð áætlunar um endurheimt þeirra gæða. Fjallað var um bókanir svæðisráðs varðandi veiðar í 2. lið á fundinum.

Vestursvæði: Elín Heiða greindi frá fundargerð frá 25. sept. 2012 og benti sérstaklega á umræður um neyðarsendi á Grímsfjalli. Þá greindi hún frá fundi þann 9. okt. 2012 þar sem svæðisráðið skilaði tillögu um Stjórnunar- og verndaráætlun til stjórnar þjóðgarðsins. Sú tillaga fékk umfjöllun undir lið 2 á fundinum.

### 7. Önnur mál

- *Ný svæði inn í þjóðgarðinn*

Framkvæmdastjóri tekur málið upp á fundi við embættismenn í ráðuneytinu.

- *Fundur með umhverfis- og auðlindaráðherra*

Kristveig sagði frá viðræðum við umhverfis- og auðlindaráðherra um hugmyndir um sameiningu stofnana á sviði umhverfisverndar, stjórnsýslu þjóðlendna og málefni Herðubreiðarlinda. Þá var jafnframt rætt um að setja á fót samstarfsvettvang á milli stofnana á sviði umhverfisverndar um ákveðin mál, s.s. sjálfbodaliðastarf, utanvegaakstur og merkingar.

Framkvæmdastjóra falið að sækjast eftir frekara samstarfi stofnana á sviði umhverfisverndar.

- *Fundur með stjórnarformanni Vina Vatnajökuls*

Kristveig greindi frá því að hún hafi rætt við stjórnarformann Vina Vatnajökuls um styrkfjárhæðir, mótframlag við styrki frá Vinum Vatnajökuls, samsetningu valnefndar og hlutverk samtakanna í þeim verkefnum sem þau styrkja á vegum þjóðgarðsins. Umræða varð í kjölfarið um samstarf við Vini Vatnajökuls og mikilvægi þess að áætlanir Vatnajökulsþjóðgarðs og stefna hans væri ávallt lögð til grundvallar í því samstarfi. Framkvæmdastjóra falið að setja saman minnisblað um hvaða lögum og reglugerðum Vatnajökulsþjóðgarður þarf að fylgja við innkaup og opinber útboð.

- *Fundur með forsætisráðherra*

Kristveig upplýsti að hún hafi óskað eftir fundi en ekki sé kominn tímasetning.

- *Fundur með Vegagerð*

Rætt hefur verið við við Vegagerð um veghald innan þjóðgarðs, flokkun vega og hraðatakmörkun á Dettifossvegi.

8. Næsti stjórnarfundur 28. nóvember og stefnt er að þarnæsta fundi 23.janúar 2013.

Fundi lauk kl. 17